

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði, fimmtudaginn 20. febrúar 2014 klukkan 17:00.

Mættir eru: Þorgerður, Óskar, Kristlaug, Einar, Svanbjört, Edda Kamilla.

Boðuð forföll: Guðrún, Sigurður

Fundur númer 733.

1. Fundur settur

Óskar setti fundinn.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin er samþykkt.

3. Ársþing UMSE

a. Tillögur

Lagðar voru fram tillögur sem að komnar eru fyrir ársþingið til kynningar fyrir stjórn.

b. Reglugerðir

Umræður mynduðust um hvort að leggja ætti fram reglugerðirnar.

4. Íþróttamaður ársins

a. 38 íþróttamenn hafa verið boðaðir.

b. Veitingar

1350 krónur per einstakling, léttar veitingar frá kvenfélaginu á Árskógsströnd.

c. Verðlaun

Keypt var taska frá JAKO sem að er merkt UMSE. Einnig blóm og síðan viðurkenningar líkt og undanfarin ár. Keyptar voru 40 töskur og teknar verða 40 rósir. Verðlaunaveitingin verður í Árskógi þriðjudaginn 25. Febrúar kl. 18:00.

5. Fundur með UMFÍ 27. febrúar

a. UMFÍ ætlar að heimsækja öll starfssvæði og eru að koma til Akureyrar að halda vinnufund um landsmótin líkt og gert var á Húsavík sl. vor og myndu vilja hitta stjórn UMSE eftir stefnumótunarfundinn. Samþykkt að halda fundinn klukkan 20:00, en stefnumótunarfundurinn er fyrirhugaður kl. 17:15-19:00

6. Önnur mál

Umræður mynduðust um hin ýmsu mál.

Uppstillingarnefnd hefur fengið boð um að hefja störf og finna einstaklinga í stað formanns og ritara sem munu láta af störfum.

7. Tilhögun næsta fundar

Næsti fundur haldinn fimmtudaginn 27. febrúar klukkan 20:00.

8. Fundarslit.

Fundi slitið klukkan 18:18

---

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

---

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður